

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og**

**eftirtalin aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja  
hins vegar**

**Félag flugmálastarfsmanna ríkisins  
Félag starfsmanna stjórnarráðsins  
Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu  
Samflot bæjarstarfsmannafélaga  
SFR-stéttarfélag í almannajónustu  
Sjúkraliðafélag Íslands  
Starfsmannafélag Garðabæjar  
Starfsmannafélag Kópavogs  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
Starfsmannafélag Suðurnesja**

**gera með sér svofellt**

## **S A M K O M U L A G**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila**

### **1. grein**

#### **Gildistími**

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

### **2. grein**

#### **Laun**

Núgildandi launatöflur félaganna samkvæmt greinum 1.1 hækka sem hér segir:

Frá 1. maí 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300.

### **3. grein**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

#### 4. grein

Grein 12.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

#### 5. grein

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

#### 6. grein

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 20. júní 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 25. maí 2008

F.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármálaráðherra

*Gunnar Björnsson (sign.)*  
*Ásta Lára Leósdóttir (sign.)*  
*Ágústa Hlín Gústafsdóttir (sign.)*  
*Ásgeir M. Kristinsson (sign.)*  
*Ólafur Gunnarsson (sign.)*  
*Björn Rögnvaldsson (sign.)*  
*Oddur Gunnarsson (sign.)*

F.h. BSRB

*Ögmundur Jónasson (sign.)*

Félag flugmálastarfsmanna  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Jóhannes Long (sign.)*

Félag starfsmanna stjórnarráðsins með fyrirvara um  
samþykki félagsmanna.

*Þórveig Þormóðsdóttir (sign.)*  
*Anna Rósa Gestsdóttir (sign.)*  
*Margrét Sigurðardóttir (sign.)*  
*Einar Torfi Ásgeirsson (sign.)*

Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Arna Jakobína Björnsdóttir (sign.)*  
*Sigurbjörg Haraldsdóttir (sign.)*  
*Guðrún Siglaugsdóttir (sign.)*

Samflot bæjarstarfsmannafélaga með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Elín Björg Jónsdóttir (sign.)*  
*Unnur Sigmarsdóttir (sign.)*  
*Haraldur Eggertsson (sign.)*  
*Árni Egilsson (sign.)*  
*Helga Hafsteinsdóttir (sign.)*  
*Gylfi Guðmundsson (sign.)*  
*Guðbjörn Arngrímsson (sign.)*  
*Þorvaldur Jónsson (sign.)*  
*Kristinn Ívarsson (sign.)*

SFR-stéttarfélag í almannaðjónustu með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Árni St. Jónsson (sign.)*  
*Védís Guðjónsdóttir (sign.)*  
*Páll Svavarsson (sign.)*  
*Anna Atladóttir (sign.)*  
*Birna Kristófersdóttir (sign.)*  
*Kristín Guðjónsdóttir (sign.)*  
*Ari B. Thorarensen (sign.)*  
*Ingibjörg Óskarsdóttir (sign.)*  
*Friðrik Atlason (sign.)*  
*Ína H. Jónasdóttir (sign.)*

Sjúkraliðafélag Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Kristín Á. Guðmundsdóttir (sign.)*  
*Kristín Ólafsdóttir (sign.)*  
*Jóhanna Traustadóttir (sign.)*  
*Hólmfríður I. Eiríksdóttir (sign.)*  
*Margrét Auður Óskarsdóttir (sign.)*  
*Þórunn M.J.H. Ólafsdóttir (sign.)*  
*Birkir Egilsson (sign.)*  
*Ingibjörg Friðriksdóttir (sign.)*

Starfsmannafélag Garðabæjar með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Gunnar Örn Erlingsson (sign.)*

Starfsmannafélag Kópavogs með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Jófríður H. Sigfúsdóttir (sign.)*

*Rita Arnfjörð (sign.)*

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (aðrir en háskólamenntaðir starfsmenn) með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Garðar Hilmarsson (sign.)*

*Jón Ingi Hilmarsson (sign.)*

*Ólöf R. Ámundadóttir (sign.)*

Starfsmannafélag Suðurnesja með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Ragnar Örn Pétursson (sign.)*

**Bókanir**  
**með kjarasamningi**  
**eftirtalinna aðildarféлага Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:**

**Félag flugmálastarfsmanna ríkisins**  
**Félag starfsmanna stjórnarráðsins**  
**Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu**  
**Samflot bæjarstarfsmannafélaga**  
**SFR-stéttarfélag í almannajónustu**  
**Sjúkraliðafélag Íslands**  
**Starfsmannafélag Garðabæjar**  
**Starfsmannafélag Kópavogs**  
**Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**  
**Starfsmannafélag Suðurnesja**

**Bókun 1**

Upplýsingagjöf til stéttarféлага um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

**Bókun 2**

Aðilar eru sammála um að framlengja bókanir um þróunar- og símenntunarsjóði félaganna auk framlagsins til Fræðslusetursins Starfsmenntar óbreyttar út komandi samningstímabil. Þessar bókanir, sem eru ekki varanlegur hluti kjarasamninga, eru nær allar á þann veg að þar eru tilekin framlög launagreiðanda í sjóði með einföldum hætti. Undantekning þar frá er bókun 2 með samningi SLFÍ sem m.a. tiltekur upphafsgreiðslu, þar gildir að slíkar eingreiðslur tvöfaldist ekki.

**Bókun 3**

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Verði höfð hliðsjón af samkomulagi aðila á vinnumarkaði hvað

varðar greiðslur frá ríkinu (0,13%) og stofnanir ríkisins sem vinnuveitendur (0,13%) og gildi sömu dagsetningar um greiðslur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Eftt verði til samstarfs við önnur samtök ríkisstarfsmanna og greiðslurnar inntar af hendi þegar samkomulag liggur fyrir.

#### **Bókun 4**

Bandalög ríkisstarfsmanna hafa á undanförunum mánuðum rætt um breytt fyrirkomulag á fjölskyldu- og styrktarsjóði þannig að frá áramótum 2008/2009 renni framlögin aðgreind til bandalaga ríkisstarfsmanna. Aðilar eru sammála um að komi til breytinga á fyrirkomulagi sjóðsins muni framlag til BSRB hlutans hækka um 0,20% og verði því 0,75% í stað 0,55% frá 1. janúar 2009.

#### **Bókun 5**

Skipaður verður starfshópur með þremur fulltrúum frá hvorum aðila með það að markmiði að þróa frekar náms- og starfsráðgjöf fyrir félagsmenn BSRB, ásamt raunfærnimati. Hlutverk hópsins er að skilgreina og meta þarfir félagsmanna BSRB fyrir ofangreind viðfangsefni. Starfshópurinn skili tillögum eigi síðar en í lok febrúar 2009.

Þegar niðurstaða liggur fyrir verður tekin ákvörðun með hvaða hætti staðið verður að framkvæmd og hvernig það verði fjármagnað.

#### **Bókun 6**

Aðilar eru sammála um að framlengja samkomulag aðila frá 15. febrúar 2007 út samningstímann. Vegna þessa kemur til sérstakt framlag fjármálaráðherra til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu að fjárhæð 15 milljónir.

**Fylgiskjal**  
**með kjarasamningi**  
**eftirtalinna aðildarféлага Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:**

**Félag flugmálastarfsmanna ríkisins**  
**Félag starfsmanna stjórnarráðsins**  
**Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu**  
**Samflot bæjarstarfsmannafélaga**  
**SFR-stéttarfélag í almannajónustu**  
**Sjúkraliðafélag Íslands**  
**Starfsmannafélag Garðabæjar**  
**Starfsmannafélag Kópavogs**  
**Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**  
**Starfsmannafélag Suðurnesja**

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessu samkomulagi. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á gildistíma samkomulagsins.

**Starfsþróun**

- Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir
- Styðja stofnanir til að vinna að bættum aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

**Lagaumhverfi**

- SELKO, samstarf um endurskoðun á lögum og reglum um starfsmenn ríkisins

**Samningstexti**

- Samræming á texta kjarasamninga

**Vinnuumhverfi**

- Heilsueflandi vinnuumhverfi svo sem vaktavinna

**Sí- og endurmenntun**

- Könnun á samstarfi um samþættingu sí- og endurmenntunar

**Slysatryggingar**

- Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði

**Launaþróun**

- Skoðun á kerfum um fylgni launaþróunar á milli markaða